

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Árborg.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Tóftir, L165567, deiliskipulag.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkti 6. mars 2024 deiliskipulag frístundahúsa í landi Tófta, L165567, í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 4 frístundahúsum, á tæplega 5 ha spildu, sunnan Holtsvegar. Hvert frístundahús má vera allt að 40 m² að stærð með rými fyrir 4 gesti. Hámarksænishæð er allt að 5 m.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Selfossi, 14. ágúst 2024.

F.h. bæjarstjórnar,

Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 28. ágúst 2024